



Skipulags- og umhverfisnefnd – 19.03.2015

65. fundur.

19. mars 2015 kl. 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Svartárvirkjun í Bárðardal. Aðal- og deiliskipulag.
2. Brekka í Aðaldal. Breyting á deiliskipulagi .
3. Skógar. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna færslu hitaveitulagnar.

1. Svartárvirkjun í Bárðardal. Aðal- og deiliskipulag.

S20150102

Tekið fyrir að nýju erindi dags 19. janúar 2015 frá Þórhildi Guðmundsdóttur f.h. Verkís ehf og SSB Orku ehf þar sem óskað var eftir því að Þingeyjarsveit gerði breytingu á núgildandi aðalskipulagi 2010-2022 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 9,8 MW rennslisvirkjun í Svartá í Bárðardal og sömuleiðis óskaði framkvæmdaraðili eftir heimild til að gera deiliskipulag af virkjunarsvæðinu, í samræmi við 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar, að tillögu skipulags- og umhverfisnefndar frá 22. janúar s.l., að heimila umsækjanda að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrirhugaðs virkjunarsvæðis.

Innkomin ný gögn 12. mars s.l., „Verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismats sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.“

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að framlögð gögn verði samþykkt með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að kynna þau fyrir íbúum sveitarfélagsins, almennungi og öðum hagsmunaaðilum og leita umsagnar um þau hjá Skipulagsstofnun og umsagnar aðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Brekka Aðaldal. Breyting á deiliskipulagi.

S20120801.

Erindi dags. 15. mars 2015 frá Benedikt Björnssyni arkitekt f.h. ferðapjónustunnar Brekku ehf þar sem sótt er um heimild til að breyta deiliskipulagi ferðapjónustusvæðis í Brekku. Helstu breytingar felast í því að byggingarreitir fyrir gistiskála eru sameinaðir til að auðvelda aðlögun að landi og landmótun auk þess að skapa möguleika á fjölbreyttari húsagerðum. Þá er einnig gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit veitingahúss þar sem heimilt verði að byggja glerskála eða annars kona létta byggingu í tengslum við veitingasal. Fylgigögn með umsókn eru deiliskipulagsuppráttur og greinargerð dags 15. mars 2015 unnin af Benedikt Björnssyni.

Skipulags- og umhverfisnefnd metur umrædda breytingu að deiliskipulagi sem óverulega skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar sem umrædd breyting varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda leggur nefndin til við sveitarstjórn að fallið verði frá grenndarkynningu og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulagsbreytingu og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

3. Skógar í Fnjóskadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna færslu hitaveitulagnar.

S20150301.

Erindi dags. 12. mars 2015 frá Stefáni Steindórssyni, sviðsstjóra framkvæmdasviðs, f.h. Norðurorku, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar færslu aðalæðar Reykjaveitu vegna umfangsmikilla jarðvegsframkvæmda í tengslum við vegagerð við Vaðlaheiðargöng. Stofnlögnin er 125 mm foreinangruð sálpípa með plastkápu og lagnaleið er áætluð um 600 m. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í apríl og þeim verði lokið í júlí 2015.

Fylgigögn með umsókn eru samningur við landeigendur og yfirlitsmynd sem sýnir núverandi og breytt lagnarstæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt feli hún skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Fundi slitið.